

## Samantekt yfir breytingar á upplýsingaöryggisstefnu

Hér að neðan má finna samantekt á breytingum á upplýsingaöryggisstefnu ykkar. Um tvær breytingar er að ræða sem útlistaðar eru nánar í töluliðunum hér að neðan.

1. Orðalagi ákvæðis í kaflanum „Leiðir að markmiði “ var breytt. *Ákveðið var að skýra orðalag betur þannig að það samrýmist hlutverki persónuverndarfulltrúa.*
  1. *Ákvæðið fyrir breytingu:* Persónuverndarfulltrúi sjái um að upplýsingaöryggis- og persónuverndarmál séu skv. reglum.
  2. *Ákvæðið eftir breytingu:* Persónuverndarfulltrúi veitir ráðgjöf á sviði upplýsingaöryggis- og persónuverndarmála eftir því sem kveðið er á um í lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
2. Orðalagi ákvæðis í kaflanum „Ábyrgð“ var breytt. Tekin voru út orðin: „og endurskoðar hana reglulega“. *Ákveðið var að taka út framangreint orðalag vegna þess að í lok stefnunnar er ákvæði er kveður á um endurskoðun.*
  1. *Ákvæðið fyrir breytingu:* Bæjarstjórn Vesturbyggðar ber ábyrgð á þessari upplýsingaöryggisstefnu og endurskoðar hana reglulega.
  2. *Ákvæðið eftir breytingu:* Bæjarstjórn Vesturbyggðar ber ábyrgð á þessari upplýsingaöryggisstefnu.